

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis nr. 151, 14. mars 1977, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 340,00 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 218,00.
- b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 25,40 á mánuði og kr. 121,00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulíttra.
- c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: fyrir hvern rúmmetra kr. 1,03 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> að utanmáli, kr. 15 200,00. Hús 300 m<sup>3</sup> til 2000 m<sup>3</sup> að utanmáli, kr. 15 200,00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 11,20 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærra en 2 000 m<sup>3</sup> að utanmáli, kr. 34 200,00 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og kr. 9,33 á hvern rúmmetra þar yfir. Stofngjald fyrir aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 1 910,00.

Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Gróðurhús að 200 m<sup>2</sup> skal greiða kr. 15 200,00. Gróðurhús stærra en 200 m<sup>2</sup> skal greiða kr. 15 200,00 fyrir 200 m<sup>2</sup> og kr. 24,60 fyrir hvern fermetra umfram 200 m<sup>2</sup>.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1983 sem er 1774 stíg. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 236,00 í hvert skipti.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskránni nr. 732 19. nóvember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*